

FORNLEIFASTOFNUN ÍSLANDS

SJÁLFSSEIGNARSTOFNUN

Alþingi

Erindi nr. P 133/689

komudagur 20.12.2006

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 20. desember 2006

Ágæti viðtakandi.

Undirrituðum hefur borist bréf yðar dags. 20. nóvember s.l., þar sem óskað er umsagnar um frumvarp til laga um Náttúruminjasafn Íslands.

Undirritaður telur vert að breyta 5. gr. frumvarpsins á þann veg að festa ekki í lög að umsækjendur um starf forstöðumanns þurfi nauðsynlega að þekkja starfsemi safnsins. Eðlilegra væri að þeir þekktu einfaldlega það svið sem safnið starfar á. Eins er mikilvægt að tryggja að ráðnir verði einstaklingar sem hafa stjórnunarreynslu.

Hér er lagt til að 5. gr. hljóði svo:

"5. gr.

Menntamálaráðherra skipar forstöðumann Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára í senn. Skal safnstjóri hafa háskólamenntun, hæfni og reynslu til stjórnunar og staðgóða þekkingu á starfssviði safnsins. Safnstjóri situr í safnaráði samkvæmt stöðu sinni.

Safnstjóri er stjórnandi safnsins og mótar stefnu þess. Hann er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins."

Ekki eru gerðar athugasemdir við aðrar greinar frumvarpsins, né greinargerðina sem því fylgir.

Með kærri kveðju,

f.h. Fornleifastofnunar Íslands ses



Adolf Friðriksson
Forstöðumaður

Fornleifastofnun Íslands ses
Bárugötu 3
101 Reykjavík
S: 551 1033